

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. október 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-48/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 29. júní 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á vél í bifreið af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir afhendingu hafa dregist verulega og krefst afsláttar af kaupverði.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 31. júlí 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust ekki. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 22. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á vél í bifreið sína af gerðinni XX-000, ekin 88.486 km., af seljanda. Samkvæmt tilboði seljanda var afhendingartími ein til þrjár vikur og verðið alls 472.440 krónur. Þegar gengið var frá greiðslu pantaði seljandi vélina.

Þremur vikum síðar hafði álitsbeiðandi samband til að athuga með vélina en fékk ekki svar. Viku síðar hafði álitsbeiðandi aftur samband og fékk þá það svar að vélin væri föst í Rotterdam því plast hafi rifnað af henni og ekki vægi hægt að flytja hana áfram fyrr en henni væri pakkað inn aftur. Vélin barst ekki til álitsbeiðanda fyrr en sjö vikum og fimm dögum eftir að hún var pöntuð. Álitsbeiðandi segir að sér hafi verið lofað afhendingu ekki seinna en þann 23. mars 2017 en vélin barst ekki fyrr en 25. apríl 2017. Nánar segir í álitsbeiðni:

Að sögn álitsbeiðanda var bifreiðin stíf sökum þessa og auka kostnaður hafi orðið. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljandi veiti afslátt af kaupunum vegna tafa á afhendingu. Telur álitsbeiðandi 150.000 krónur vera hæfilega greiðslu þar sem skipta hafi orðið um bremsudiska og klossa.

„Hefði vélin komið á réttum tíma hefði ekki þurft að skipta um þetta í bílnum. Einnig er búið að vera erfitt að vera án bílsins í allan þennan tíma.“

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og áður segir keypti álitsbeiðandi vél í bifreið sína hjá seljanda og átti vélin að vera afhent álitsbeiðanda einni til þremur vikum eftir kaupin. Álitsbeiðandi fékk vélina ekki

afhenta fyrir en sjö vikum og fimm dögum síðar og krefst afsláttar af kaupverði vegna afhendingardráttar seljanda.

Kærufyndin bendir á að úrræði álitsbeiðanda vegna afhendingardráttar seljanda eru talin upp í 19. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.), en þar segir:

„19. gr. Úrræði neytanda við greiðsludrátt.

Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er neytanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 20. gr.;*
- b. krafist efnda samkvæmt ákvæðum 21. gr.;*
- c. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 23. gr.;*
- d. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 24. gr. [...]*

Samkvæmt 19. gr. nkpl. er ekki unnt að krefjast afsláttar vegna afhendingardráttar. Hins vegar er unnt að krefjast skaðabóta vegna afhendingardráttar og verður því farið með kröfu álitsbeiðanda sem slíka í málsmeðferð kærufyndarinnar. Um skaðabætur vegna afhendingardráttar er fjallað í 24. gr. nkpl. og er ákvæðið svohljóðandi:

24. gr. Skaðabætur.

Neytandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við sammingsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

Ef greiðsludrátt má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 2. mgr. Sama gildir ef greiðsludrátt má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi. Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin en hann láti það hjá líða.

Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.“

Í málinu liggur fyrir staðfesting seljanda á því að vélin hafi átt að berast eftir eina til þrjár vikur frá pöntun. Úrlausn málsins miðar því við að afhending hafi átt að fara fram í síðasta lagi 23. mars 2017 en vélin barst ekki fyrir en 25. apríl 2017. Álitsbeiðandi varð því að bíða rúmlega tvöfalt lengur en hámarksbíðtími var samkvæmt seljanda.

Þegar dráttur verður á afhendingu getur það valdið neytanda margvíslegu tjóni, en það er hins vegar undir neytanda komið að sanna að hann hafi raunverulega orðið fyrir tjóni vegna afhendingardráttarins og að seljandi beri ábyrgð á því. Álitsbeiðandi ber því sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi raunverulega orðið fyrir tjóni vegna afhendingardráttarins.

Tjónið var samkvæmt álitsbeiðni það að skipta varð um bremsudiska og klossa á bifreiðinni auk óþæginda vegna tafa á viðgerð. Krafa álitsbeiðanda er ekki studd neinum gögnum eða útskýringum sem geta lagt grunn að tilvist skaðabótakröfu í málinu. Þá er endurnýjun á bremsuklossum og bremsudiskum hluti af eðlilegu viðhaldi notaðra bifreiða sem reglulega er þörf á. Álitsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á að þetta viðhald hafi verið óeðlilegt eða megi sérstaklega rekja til afhendingardráttar seljanda.

Verður samkvæmt framangreindu að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson